# Viljinn.

Lestrarfjelagsblað Miklabæjarsóknar.

| XIV. árg. | Litladal, 1922 (30/11) | 1. tbl. |
|---|---|---|

## Ávarp!

Um leið og Viljinn hefur göngu sína á þessum vetri, leyfi jeg mjer að ávarpa ykkur með nokkrum orðum, heiðruðu fjelagsmenn!

Um leið og jeg tók að mjer að rita Viljann, tók jeg mjer helzt til þungan burðarás um öxl, ekki síst fyrir það hvað fáir rita í blaðið, því jeg tjáist við að nú verði líkt og að undanförnu — að sár-fáir riti í blaðið.

Það kemur mjer undarlega fyrir, hvað fjelagsmenn styrkja blaðið

litid en virdast hafa þó gódan áhuga med útkomu þess. Þetta virdist ósamkvæmt. Því ekki getur bladid komid út, nema eitthvad sje ritad í þad.

Nú vilja menn ad bladid sje sem fjölbreyttast, flytji sitt af hverju — en þad verdur þád med því móti einu ad margir riti í þad.

Þad eru mörg málefni, sem má ræda um í bladinu. Þad eru ýms fjelagsmál, sem ætti ad skrifa um og rökræda í bladinu, en þræta ekki um þau á fundum undirbúningslaust. Viljinn er okkar málgagn og þad eigum vid ad nota. Utanfjelagsmönnum er líka heimilt ad senda bl. ritgjördir, svari þær tilgangi þess, eda ef einhvern langadi til ad hreifa vid áhugamáli sínu.



Audvitad er hjer átt vid innanhrepps menn.

Okkur er þad öllum ljóst, hvad fundir eru venjulega illa sóttir hjer í hreppnum. Þess vegna virdist ekkert á móti því, ad formælendur málanna gæfu mönnum kost á ad heyra þau hreift og jafnvel rædd í Viljanum. Þetta mundi draga athygli manna ad málunum og herda á mönnum ad sækja fundina betur. Og menn kynntust málunum og væru betur undirbúnir ad greida atkvædi sín.

Þad er líka margt fleira, sem Viljinn tæki á móti t.d.: sögum, gátum, kvædum, skrítlum og s. frv. En ad þad sje helzt frumsamid og ekki mjög langt. — — —

Okkur er þad víst öllum kunnugt, ad bladid Viljinn má ekki

ganga nema að eins á milli fjelagsmanna eða á þann heimili, sem fjelagsmaður er á. Það hefur því enginn fjelagsmaður heimild til þess að lána blaðið utanfjelagsmanni. Þetta er strang- lega tekið fram.

Þeir bæir (í Miklabæjarsókn), sem enginn er á í lestrarfjelaginu, meiga ekki búast við að fá blaðið, nema þeir gangi inn í lestrarfjelagið. Og vilji menn fá skemmtun og fróðleik, þá er ekki mikill tilkostnað

Ennfremur meiga fjelagsmenn utan Miklabæjarsóknar, ekki bú- ast við að fá blaðið heim til sín, en þeir geta fengið að lesa það hjá bókaverði á eftir göngu þess, eða þá hjá ritstjóranum því honum ber að fá blaðið aftur í hvert sinn og það



hefur gengið á milli, meðan á útgáfunni stendur.

Heiðruðu fjelagsmenn! Vitjum verður að ganga greiðara á milli ykkar en undanfarandi. Hann má alls ekki vera lengur en eina nótt á bæ, ef engin forföll banna. Gætið að því, að allir vilja sjá hann sem fyrst og sá seinasti hefur jafnan rjett til hans, eins og sá fyrsti.

Líka verður að fara vel með hann og láta hann sem allra- minnst óhreinkast, því hann er ungur enn og vill vera laglega til fara.

Að lokum leyfi jeg mjer, að áminna ykkur með það að styðja að útkomu blaðsins, með því að senda í það ritgerðir, svo það geti orðið fólki til skemtunar og fróðleiks og stytt með því hin löngu vetrar- kvöld.

Kveð jeg svo sveininn unga úr blaði og óska honum fararheilla.

Agnar Baldvinsson.

## Nokkrar vísur

gamlar og nýjar, en sjerkennilegar.

Árið 1904, ritaði jeg grein, í blaðið Vestra á Ísafirði, sem var um sérkennilegar vísur eða vísnaflokka, t.d. Hringvísurnar, Sáravísurnar og Heimslistavísurnar og s. frv.

Það eru víðsvegar um land slíkar vísur á sveimi, sem væri gaman að safna saman, því þær sýna ljóðaleik Íslendinga, með því líka að margar af þeim eru mjög vel kveðnar.

Eitt sem jeg minnist á, í



nefndri Vestragrein, voru vísur, sem sumir kalla samnefndar, af því að síðasta orðið í hverri vísulínu, er samnefni, en hefur þó hvert sína sérstaka þýðingu.

Sýnishorn af þessum vísum, setti jeg í Vestra, og litlu síðar tók Tryggvi Gunnarsson þær upp í Þjóðvinafjelagsalmanakið. Og bent hefur mjer verið á, að þær muni vera í fyrsta árg. Viljans. En af því að nú hefi jeg safnað fleirum, þá þykir ~~mér~~ mjer vel til hlýða, að Viljinn geymi þær allar.

Ennfremur þætti ~~mér~~ mjer vænt um, ef einhver kynni þesskonar vísur, að hann ~~gefa~~ gæfi mjer þær uppskrifaðar.

Það er annars margt í fórum manna, sem verðugt

væri að safna saman og
geyma í einu lagi.

1. Bóndinn sá, sem byggir Ás,
beitir fjenu suður ás;
í spilunum er spaðaás,
spýta er höfð í mæniás.

2. Sýslumaður setti rjett,
sem var líka alveg rjett;
kindunum jeg kom í rjett,
karlinum var lambið rjett.

3. Nyrzt á Ströndum stendur Horn,
Stígur gamli bygði Horn;
Tóra hefur fjögur horn,
forðast innri króarhorn.

4. Í klettum sá jeg sitja val;
sárir falla menn í val;
konan, hún er kvennaval;
kallaði jeg á hundinn Val.

5. Í stafrófinu stendur há;
stúlkan mín er griðarhá;
af Rauðku gömlu reiddi há;
rekkar slóu á túni há.

6. Fjekk jeg mjer úr fiski sló;
fremur lítið bóndinn sló;
kindur hafa horn með sló;
heyrði jeg að klukkan sló.

7. Fótur mannsins fór úr lið,
er fallið hafði um bryggjar lið;
safnaðist þá saman lið,
sem að honum veitti lið.

8. Á saumafati sá jeg flá;
á silungsnet mig vantar flá;
húð af tryppi höldar flá,
sem heiðar-ofan í drap sig flá.

9. Gekk hann oft um gljúfraskeið;
glaður var að manni skeið;
hesti sínum hleypti á skeið;
hart í vefstól lamdi skeið.

Syngja margir saman lög;
sýnast flákin okkar lög;
sagði mjer hún Sigurlög,
að setja í vegginn fleiri lög.

11. Steypti jeg mjer í strauminn ber;
strákana með hnefum ber;
fallega klárinn klyfjar ber;
krakkar tína á sumrin ber.

12. Bóndinn sá, sem býr á Egg,
brýnir ljá svo kemur egg;
fór í háa fjallsins egg
og fann þar dáinn smyrilsegg.

13. Eitt sinn kom jeg út og sá
einn mann, sem aðreiddi sá,
mjer var sagt að maður sá,
mundi ætla' að fara' að sá.

14. Þú skalt læra um þágufall;
Þórður keypti sauðarfall;
sjómenn þekkja sjávarfall;
sveinar varast glímu fall.



15. Fór jeg upp á fjalla brún;
Finnur seldi stóra Brún;
Kosta jörð er kölluð Brún;
karlinn hefur sjglibrún.

16. Kölluðum við hvolpinn Hring;
konan bar úr gulli hring;
til ábúðar tók jeg Hring;
tafinn var í sólarhring.

17. Kristján sá jeg kaupa á.
Keypti 'ann sá frá Bægisá.
Hann að sá var akri á;
órköpi sá af krónum á.

18. Ekki er prikið innan holt.
Einhver kemur sunnan holt.
Síra Jóni seldi jeg Holt.
Sig að baða þykir holt.

(B. B.)

# Spámadurinn.

Bóndi nokkur í Húnavatns-sýslu, hefur um all-langt skeid dreymt fyrir tídarfari og þar af leidandi spád fyrir ókomnum tíma. Í haust eda snemma í vetur, hafdi hann þau ummæli: ad „mikid ætti hann eftir ad blána og rigna, og þad brádlega". En þá var kuldi og nordaustan stormur.

Þá var hann spurdur ad, hvernig veturinn þessi mundi verda. Því svaradi hann litlu, en sagdi: „ad vorid yrdi hart."

Nú er gaman ad hafa þetta í minni, og vita hvort madur þessi er sannur spámadur.

Ritstj.



# Á víd og dreif.

Jeg hef ordid fyrir þeirri nád hjá hinum unga ritstjóra Viljans, ad hann hefur leyft mjer rúm í sínu heidrada bladi — kann jeg honum þökk fyrir þad.

Vil jeg því í upphafi máls míns, senda kvedju guds og mína hinum háttvirtu lestrarfjelagsmönnum, körlum og konum í Miklabæjarsókn, og þakka þeim þá sæmd, sem þad góda fólk hefur veitt mjer med því, ad gera mig ad heidursfjelaga sínum. Mun jeg reyna eftir föngum ad virda og stydja lestrarfjelagid, medan míns nýtur vid. — — —

Þad var árid 1898, drottinsdaginn 5. nóvember, sem þad undur

skjeði hér í Miklabæjarsókn-
inni, að jeg hleypti af stokk-
unum mínu andlega fleyi,
sveitarblaðinu Viljinn. Það
hafði ekki skeð í manna minn-
um fyrri og litu menn þá upp
svo stórum augum á sveininn
unga, að þau voru eins og
stjörnur himins. Viljanum
var tekið með ógleymanlegum
fögnuði. Það færðist svo
mikið nýtt líf í hinar and-
legu æðar fólksins að líkam-
arnir stukku með kvóam
í einum sprretti á milli bæ-
janna til þess sem allra-
fyrst að geta glatt nágranna
sína með gestkomunni. Hann
var borinn á höndum og far-
ið með hann eins og kóngsson
kominn úr álögum. Og ekki
vantaði gjafirnar hjá vitring-
unum, þó þær væru ekki gull,



reykelsi nje myrra. Menn
kepptust við að klæða svein-
inn og láta hann vera sem
best til fara. Brjefin komu
eins og snjódrífa til ritstjór-
ans. Ungir og gamlir, karl-
og konur, tóku til að rita í
blaðið um allt á milli him-
ins og jarðar. Og mátti segja,
að í blaðinu kendi margra
grasa. Eg man einna bezt
eftir þremur ungum mönnum,
sem stóð mikill gustur af
þegar þeir þeystu hjá. Þeir
voru allir góðir vinir mínir,
allt fyrir það, þó stundum yrði
all-hvast á leiksviðinu. Það
voru þeir Skinþúfubræður (nú
Vallanes), Þorleifur og Stefán,
og Gísli Björnsson, nú odd-
viti og sýslunefndarmaður
á Vöglum. Þessir menn lágu
ekki á liði sínu og komu